

Íslenskur iðnaður

SI

9. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

September 2007

Glæsilegt Íslandsmeistaramót þjónustuiðngreina innan SI

Um 200 fagmenn, meistarar og sveinar innan aðildar félaga SI, kepptu til úrslita á glæsilegu ÍSMÓTI 2007 helgina 1. og 2. sept.

Efnt var til fyrirlestra og námskeiða og um 50 fyrirtæki, félög og stofnanir tóku vel á móti gestum. Í lokin var efnt til hátíðarkvölds þar sem úrslit voru kynnt og verðlaun afhent. Fjöldi innlendra og erlendra gesta sótti mótið og lögreglan áætlað að 15 til 20 þúsund gestir hafi heimsótt ÍSMÓT 2007 í nýju Laugardalshöllinni. Sjá myndir á bls. 6-7.

bls. 2



*Það er gott
að búa á Íslandi*

bls. 3



*Evran og aðild að
ESB njóta vaxandi
stuðnings*

bls. 5



*Alþjóðavæðingunni
best svarað með
opnun og þátttöku*

bls. 8-9



*Tækninám
á flugi*

bls. 10



*Fyrirtæki eiga
aðild að
Staðlaráði*

bls. 11



*Sýningin
Verk og vit
haldin í annað
sinn*

bls. 12



*Mun meiri
hagvöxtur en talið
var í fyrstu*

Sjá úrslit á www.si.is/ismot

ÍSMÓT
2007

Það er gott að búa á Íslandi



Á örfáum árum eru erlendir ríkisborgarar orðnir um 8% af starfandi fólki á Íslandi. Hvergi annars staðar á Norðurlöndum er þetta hlutfall hærra. Þetta kom fram á ráðstefnu sem Fjárfestingarstofa stóð fyrir í byrjun þessa mánaðar um málefni erlendra sérfræðinga sem starfa hér á landi um lengri eða skemmri tíma.

Jákvæðir þættir

Margt af þessu fólki unir hér hag sínum vel. Það telur sig búa við öryggi, stjórn málaegan stöðugleika og góða heilsugæslu. Smæðin veldur því að boðleiðir eru stuttar og íslenskir vinnustaðir fá góða einkunn fyrir að vera líflægir og skapandi. Innfæddir fá þá einkunn að vera almennt opnir og vinsamlegir í garð aðkomufólks. Margir meta það mikils að búa í nábylli við náttúruna og það hversu lítil mengun er hér.

Ekki er allt gott hér

Það er auðvitað ekki allt sem fær háa einkunn hjá þessum gestum okkar. Verðlagið og þessi einkennilega mynt okkar eru taldir helstu ókostir við að búa og starfa á Íslandi. Vegakerfið og veðurfarið er heldur ekki það sem dregur fólk hingað. Kvartað er yfir ófullnægjandi íslenskukennslu.

Mikilvægt framlag aðfluttra

Það hefur verið og er enn skortur á vinnuafli á Íslandi á mörgum sviðum. Mikið aðstreymi vinnuafils hefur komið íslenskum fyrirtækjum gersamlega til bjargar undanfarin missiri. Vandséð er hvernig íslenska hagkerfið hefði þolað það þenslu- og framkvæmdaskeið sem enn stendur ef allt þetta fólk hefði ekki komið hingað og lagt okkur lið. Það er ekki lítið sem nýbúarnir hafa lagt af mörkum í verðmætisköpun þjóðarinnar að undanförunu og þar með til velferðar okkar.

Viða skortur á vinnuafli

Oft og lengi hefur verið rætt um mikið atvinnuleysi og lítinn hagvöxt Evrópuríkja. Þetta hefur verið að breytast hratt á undanförunum árum og þótt einkennilegt megi virðast er víða í Evrópu skortur á vinnuafli á ýmsum sviðum þó að atvinnuleysi sé enn umtalsvert. Í Noregi og Danmörku vantar t.d.

tugi þúsunda starfsmanna og jafnvel í Finnlandi, þar sem skráð atvinnuleysi er með því mesta í Evrópu, vantar sérfræðimenntað fólk á ýmsum sviðum. Rausnarlegt bótakerfi og lækkaður eftirlaunaaldur eykur á þennan vanda frændþjóða okkar.

Flýtimeðferð fyrir fólk sem vantar í atvinnulífinu

Ýmsar Evrópuþjóðir, t.d. bæði Norðmenn og Danir, hafa brugðist við skorti á sérfræðimenntuðu fólki með því að auðvelda sérfræðingum frá löndum utan EES - svæðisins að koma til starfa. Í samvinnu við samtök atvinnurekenda í Danmörku og Noregi hefur verið settur saman listi yfir sérfræðimenntað fólk sem vantar til starfa í landinu. Umsóknir um atvinnu- og dvalarleyfi frá slíkum aðilum fá flýtimeðferð í þessum löndum.

Öðru vísi tekið á málum á Íslandi

Hér á landi er annað uppi á teningnum. Seinagangur við afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi er skýrður með því að umsóknum hafi fjölgað mjög á undanförunum árum án þess að viðkomandi stofnun hafi fengið auknar fjárveitingar og fleiri starfsmenn. Hér er það sögð slæm stjórnsýsla ef öllum umsækjendum er ekki gert jafn hátt undir höfði og lausnin er sú að láta alla biða afgreiðslu eins lengi og reglur leyfa.

Enginn að gera neitt í málinu?

Á fyrrnefndri ráðstefnu var enn á ný farið yfir þá þulu að breyta þurfi lögum um Útlendingastofnun og auka fjárveitingar til hennar. Enginn hefur hins vegar kynnt hvað það er í lögunum sem hindrar að hér sé hægt að taka á málum eins og í nágrannalöndum okkar. Búið er að funda og ræða um málið í ræðu og riti en niðurstaðan er sú að enginn er að gera neitt í málinu. Hvert eiga íslensk fyrirtæki og samtök þeirra að senda upplýsingar um það hvaða sérfræðimenntað fólk þarf að fá til landsins? Er líklegt að Microsoft eða Google setji hér upp netþjónabú og rannsóknar- og þróunarsetur ef fyrirtækin þurfa að biða í þrjá til sex mánuði eftir dvalarleyfi fyrir sérfræðinga sem þau þurfa að fá til landsins frá Ameríku eða Indlandi?

Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI

Evran og aðild að ESB njóta vaxandi stuðnings

Um 48% Íslendinga segjast hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu en 33% eru andvíg. Þetta kemur fram í könnun Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins dagana 15. til 27. ágúst. Þeir sem segjast hlynntir því að taka upp evru eru nú um 53% en voru 50% í febrúar.

Evran og aðild að ESB njóta vaxandi stuðnings

Ekki eru miklar sviptingar frá könnun sem var gerð í febrúar á þessu ári en




augljóst er að Íslendingar eru jákvæðir gagnvart þeim þáttum sem spurt er um. Þróunin virðist hæg og sigandi í þá átt að þeir sem eru hlynntir evru og aðild að ESB verða fleiri og fleiri.

Meðfylgjandi myndir sýna þróun undanfarinna ára þegar spurt er um evru og aðild að ESB.

Góð þátttaka yrði í þjóðaratkvæðagreiðslu

Í könnuninni er í fyrsta sinn spurt um þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu um

Er líklegt eða ólíklegt að þú tækir þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að ESB? Almennigur í ágúst 2007



Nýir félagsmenn

Álfasteinn ehf.
Iðngörðum
720 Borgarfirði eystra
Þjónustuiðnaður

Caldris ehf.
Vesturhlíð 7
105 Reykjavík
Upplýsingatækniíðnaður

aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt niðurstöðunni er ljóst að níu af hverjum tíu myndu taka þátt í henni. Það endurspeglar að málið er mikilvægt í hugum flestra.

Meirhluti í fjórum stærstu flokkunum fyrir aðildarviðræðum

Það er nokkuð merkilegt að meirihluti er fyrir því í fjórum stærstu stjórnmalaflokkunum að taka upp aðildarviðræður (gögn liggja ekki fyrir um stuðningsmenn annarra flokka eða framboða).

- 63% stuðningsmanna Framsóknarflokksins en 28% andvíg
- 50% stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins en 33% andvíg
- 80% stuðningsmanna Samfylkingarinnar en 11% andvíg
- 52% stuðningsmanna Vinstri grænna en 36% andvíg

Það er því merkilegt að ekki skuli um það rætt í alvöru að undirbúa slíkar viðræður á stjórnarheimilinu. Það er engum blöðum um það að fletta að meirihluti þeirra, sem studdu ríkisstjórnarflokkana tvo til valda, eru því hlynntir. Hið sama gildir um meirihluta þeirra sem kosið hafa sitjandi þing. Er ekki rétt að ríkis-

stjórn og þing svari þessu kalli kjósenda sinna?

Könnunina er að finna í heild sinni á vefsetri Samtaka iðnaðarins.

Jón Steindór Valdimarsson



Gott til endurvinnslu

Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu. Notkun þess er frjálss og það fæst án endurgjalds í hágæða upplausn á www.si.is

Samtök iðnaðarins

Verðhækkanir ýmissa matvæla á heimsmarkaði

Mörg matvæli hafa hækkað talsvert í verði að undanfögnu. Þetta á sérstaklega við um vörur sem þurfa mikið hveiti og sykur svo sem brauð, kökur, sælgæti og ýmsar drykkjarvörur, einkum gosdrykkir. Þessar hækkunir stafa fyrst og fremst af miklum verðhækkunum hrávöru á heimsmarkaði en ekki aukinni álagningu framleiðenda. Heimsmarkaðsverð á hveiti hækkaði um 30% í ágúst og 60% frá maí. Þá hefur sykerverð einnig hækkað mikið. Framleiðendur og innflytjendur þessara vara eiga engra annarra kosta vöð en hækka verð til samræmis en sterk staða krónunnar undanfarna mánuði hefur að einhverju leyti haldið aftur af frekari verðhækkunum. Ýmislegt bendir til að verð kunni að hækka enn frekar vegna aðstæðna á heimsmarkaði.

Ekki aukin álagning

Fyrstu 7 mánuði ársins varð engin hækkun á því verði sem matvælaframleiðendur á Íslandi fá fyrir vörur sínar. Þetta má staðfesta með vísitölu framleiðsluverðs sem Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega.



Framleiðendur bera því síður en svo meira úr bótum en áður. Á sama tíma og framleiðsluverð stendur í stað og útsöluverð lækkar vegna skattbreytinga hafa laun í landinu hækkað landinu um 6% fyrstu 7 mánuði ársins. Hagur innlendra matvælaframleiðenda er því verri en áður enda hefur kostnaður þeirra hækkað talsvert meira en tekjurnar.

Breyttar aðstæður á heimsmarkaði

Margir samverkandi þættir valda því að heimsmarkaðsverð á hveiti og sykri hefur hækkað mikið síðustu mánuði. Verulegur uppskerubrestur hefur átt sér stað á hveitiökrum vegna ótíðar, sérstaklega í Evrópu, auk þess sem akkrar eru nú í vaxandi mæli nýttir til að framleiða annað korn en hveiti. Vegna ótta um skort á hveiti hafa mörg ríki aukði birgðir sínar

með þeim afleiðingum að verð hefur hækkað enn frekar. Rússland er eitt mikilvægasta útflutningsland hveitis en þar í landi hafa stjórnvöld nú reynt að takmarka útflutning til að tryggja nægt framboð á heimamarkaði. Þá hefur breytt neyslumynstur, einkum í Asíu, valdið aukinni eftirspurn eftir hveiti og margvíslegri fitu. Loks selja sykur- og hveitiframleiðendur afurðir sínar í auknum mæli til framleiðslu á bio-diesel en síður til matvælaframleiðslu. Þetta stafar m.a. af því að Evrópusambandið greiðir niður framleiðslu á bio-diesel. Allt stuðlar þetta að hækkanum verði matvæla um allan heim og íslenskir matvælaframleiðendur eiga engra annarra kosta vöð en að fylgja í kjölfarið.

Bjarni Már Gylfason

Úrbætur í virðisdeðju matvæla

Í vor sem leið fengu Samtök iðnaðarins, í samstarfi við MATÍS ohf., styrk frá Tæknipróunarsjóði til að undirbúa verkefni til að draga úr sóun í virðisdeðju matvæla. Sumarið var notað til að undirbúa umsókn til sjóðsins um styrk til að ráðast í nokkuð umfangsmikið rannsókn- og þróunarverkefni á þessu sviði.

Undirbúningur fólst m.a. í að skilgreina í smáatriðum samstarfshóp og aðferðafræði sem henta verkefninu. Þar á meðal eru aðferðir til að greina orsakir sóunar, meta virði á hverju stigi framleiðslu og dreifingar, greina hvar kostnaður fellur til og hvar og hvernig virði, sem skiptir máli fyrir neytendur, eykst. Mikilvægt er að fá til samstarfs fyrirtæki sem gefa góða mynd af öllum greinum matvælaíðnaðar, dreifingar og smásölu og byggja



upp samstilltan hóp til að takast á við verkefnið.

Vitað er að talsvert mikil sóun á sér stað í virðisdeðju matvæla. Orsakir eru margar, s.s. röng vörustjórnun, röng meðferð, rofin kælikeðja eða ófullnægjandi kæling á einhverju stigi, rofnar umbúðir og ótal margt fleira. Matvælaframleiðendur telja að verulega megi draga úr slíkri sóun með samstilltu átaki allra sem tengjast virðisdeðjunni. Þannig mætti lækka verð á matvælum til muna. Gallaðar vörur og vörur, sem ekki seljast áður en geymsluþol rennur út, valda ekki

eingöngu fjárhaglegu tapi heldur eru einnig umhverfisvandamál. Reglur um förgun lífræns úrgangs verða sífellt strangari og því er afar mikilvægt að draga úr honum eins og kostur er. Afrakstur af fyrirhuguðu nýsköpunar- og þróunarverkefni er því ekki eingöngu verulegur fjárhagslegur ávinningur heldur einnig umhverfislegur.

Virðisdeðja er í þessu verkefni skilgreind sem ferlið frá því að framleiðslu-fyrirtæki tekur við hráefnum og þar til fullunnin vara kemst í hendur neytenda eftir að hafa gengið í gegnum framleiðslu- og dreifingarferli, smásölu og eftir atvikum heildsölu.

Umsóknarfrestur rann út um miðjan september og umsókninni var skilað inn í tæka tíð. Við tekur bið, fram að áramótum, eftir því hvaða afgreiðslu umsóknin hlýtur en hljóti hún styrk verður hafist handa við verkefnið í byrjun næsta árs.

Ragnheiður Héðinsdóttir

20 ára afmæli Háskólans á Akureyri

Alþjóðavæðingunni best svarað með opnun og þátttöku

Í ræðu sinni á hátíð vegna 20 ára afmælis Háskólans á Akureyri, 8. september sl. sagði Þorsteinn Gunnarsson, rektor, meðal annars: „Alþjóðavæðingunni verður best svarað með opnun og þátttöku en ekki einangrun. Hver segir að íslenskir háskólar geti ekki haslað sér völl á erlendum vettvangi með því að taka að sér kennslu á ákveðnum sviðum? Hér á landi hefur byggst upp fræðileg þekking á mörgum sviðum sem getur laðað til sín erlenda námsmenn og íslenskir háskólar geta gert að útflutningsvöru, ef svo má að orði komast.“ Í þessu sambandi nefndi rektor jarðvísindi, auðlindanýtingu, nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, norðurslóðafræði og alþjóðlega fjármálastarfsemi.

Alþjóðlegur orkuskóli á Akureyri

Þorsteinn sagði frá því að þekkingarvörður ehf., þróunarfélag Háskólans á Akureyri, hefði haft forgöngu um að byggja upp alþjóðlegan orkuskóla RES (School for Renewable Energy Science) sem hefur störf á næsta ári. Skólinn



Karلاكór Akureyrar - Geysir syngur við Íslandsklukkuna á hátíðinni sem haldinn var í tilefni af 20 ára afmæli háskólans

Ljósmyndari: Þórhallur Jónsson

Framtíðin er í okkar höndum



Framtíðin felst í hátækni

Sjá áskorun til ríkisstjórnarinnar og stefnu SI á www.si.is

SI

Samtök iðnaðarins

verður í samstarfi við fjölda erlendra háskóla, íslensk fyrirtæki og Háskóla Íslands.

Aðalfundur þekkingavardar ehf. var einmitt haldinn sama dag og afmælishátíðin og þar kom fram í ræðu Benedikts Sigurðarson, fráfarandi formanns félagsins, að markmið þess væri að styðja þekkingaruppbyggingu og stuðla að þróun þekkingarþorps við Háskólann á Akureyri.

Fyrirferðarmesta þróunarverkefni þekkingarvörður hefur verið undirbúningur RES- Orkuskóla. sem var sérstaklega hleypt af stokkunum með glæsilegri kynningu hinn 9. maí í vor. Fyrirhugað er að starfsemi skólans hefjist í janúar 2008 en nú í sumar hefur verið rekinn sumarskóli í samstarfi við bandarískar háskólastofnanir.

Fyrir liggur styrkveiting frá Þróunarsjóði EFTA og unnið að frágangi á tækni-egum útfærsluáttum í samstarfi við

stjórnvöld í Póllandi og síðar væntanlega einnig í fleiri löndum. Ríkisvaldið hefur heitið 60 milljónum til verkefnisins – auk þess sem sjö íslensk fyrirtæki hafa heitið 20 milljóna króna framlagi hvert.

Rannsókn- og nýsköpunarhús

Annað meginverkefni félagsins á árinu hefur verið að undirbúa viðbyggingu við rannsókn- og nýsköpunarhúsið Borgir sem auk Orkuskólans á að hýsa upplýsingatækniyrirtæki á Norðurlandi.

Þá hefur þekkingarvörður ehf. átt frumkvæði að því að leggja upp hugmyndavinnu varðandi mögulega nýtingu háskólasvæðisins - með allt að 45 þúsund fermetra byggingum og athafnarymi fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Þess má geta að Samtök iðnaðarins hafa stutt við þetta ágæta starf og eiga hlut í félaginu.

Sveinn Hannesson

Meistaramót á heimsmælikv

- Brot af því besta frá Ísmóti 2007



Þessi fór brún og sælleg heim af Ísmóti.



Nokkrir þátttakendur í norrænu ungliða-keppninni Nordic Youth Skills í óðaönn að leggja lokahönd á eina af fjórum hárgreiðslum sem keppt var í á Ísmóti.



Unga fólkíð fékk sinn skerf af því besta sem í boði var á sýningunni.



Í einu atriða hártískumeistarans Joakims Roos stílltu fyrirseturnar sér upp á glæsilegt rúm frá Rag



Hársnyrtar í fremstu röð.



Michael Cole, gestafyrirlesari Ísmóts, fór á kostum á el



Faglegir og löglegir snyrtifræðingar kepptu til úrslita um titilinn Snyrtifræðingur ársins á Ísmóti.



Tímabundið húðflúr átti greinilega upp á pallborðið hjá unga fólkíni.



Gargandi snilld!



Jónína Hallgrímsfræðingur, Snyrtisleggur hér lokahönd Tískuteymis-4.

varða

7



Berglind Ómarsdóttir klæðskeri, Kjólum og klæði, og Magnús Þór Reynisson hársnyrtir, Hjá Jóa og félögum, unnu verk sitt fagmannlega við að undirbúa fyrirsætuna, Vigdís Láru Ómarsdóttur í Tískuteymi-1.



Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur, Laugum Spa, farðar fyrirsætu Tískuteymis-7 fyrir sviðssýningu.

á Ragnari Björnssyni.



F.v.: Haukur gullsmiður í Carat, Ágústa snyrtifræðingur á Snyrtistofunni Ágústu, og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir hársnyrtimeistari á Unique hár og spa.



Heilsueyjan Ísland vakti athygli gesta á sýningunni enda fjölmargt þar í boði varðandi heilsu, útlit, dekur og vellíðan. Guinot-snyrtistofur tóku vel á móti gestum og veittu ráðgjöf og þjónustu á staðnum.



m á einu af námskeiðum mótsins.

Húsfylli var á sviðssýningum Tískuteymanna og augljóst að fagmennska er í tísku hjá landsmönnum.



frims snyrti-
snyrtistofunni Jónu,
kahönd á módel
4.

Sjá úrslit og nánari upplýsingar á www.si.is/ismet

Tækninám á flugi

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl haft á stefnuskrá sinni að bæta menntun og mannauð fyrirtækja. Atvinnulífið hefur umbreynt síðastliðinn áratug. Mesta eftirspurn fyrirtækja er nú bundin við rétt menntað og þjálfað starfsfólk. Afskipti Samtakanna af menntamálum eru viðtæk og ná m.a. til háskólastigsins.

Haustið 1998 hittust forráðamenn átta fyrirtækja í ólíkum greinum innan Samtaka iðnaðarins og ræddu spurninguna „Hvernig þjóna háskólar best fyrirtækjum?“ Spurningin var býsna opin en umræðan beindist fljótlega að tækninámi á háskólastigi, einkum verk- og tæknifræði.

Á fundinum lýstu menn áhyggjum sínum aðallega af þrennu: 1) Tækninám hér á landi stæðist ekki samanburð við það besta erlendis. 2) Fyrirtækin hefðu bæði þörf fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. 3) Til greina kæmi að semja við erlenda háskóla um kennslu í tæknigreinum hér á landi. Varla gat nokkrum fundarmanna boðið í grun hvað átti eftir að gerast í kjölfarið.

Skömmu síðar könnuðu Samtökin þörf fyrirtækja sinna fyrir tæknimenntað fólk, aðallega verk- og tæknifræðinga. Í ljós

Ingi Bogi Bogason
menntamáll



kom að fyrirtæki í ólíkum greinum töldu skort á tæknifólki standa vexti þeirra verulega fyrir þrifum.

„Tækniháskóli atvinnulífsins“

Á næstu mánuðum áttu fulltrúar Samtaka iðnaðarins fundi með lykilaðilum í þróun verk- og tæknimenntunar. Verkfræðideild HÍ var heimsótt og óskuðu fulltrúar SI eftir samstarfi við deildina um að fjölga verkfræðinemum. Forráðamenn verkfræðideildar lýstu áhyggjum af því að deildin ætti erfitt með að dafna, aðallega vegna stjórnskipulagsins. Í Viðskiptaháskólanum í Reykjavík, núverandi Háskólanum í Reykjavík, voru ræddar hugmyndir um að koma þar á fót verkfræðideild.

Í menntamálaráðuneytinu var lýst yfir vilja til að breyta rekstri tæknináms á háskólastigi. Athygli ráðuneytisins beindist aðallega að Tækniskóla Íslands. Þar

færu of fáir nemendur í eiginlegt tækninám. Menntamálaráðuneytið vann um þetta leyti drög að frumvarpi til laga um tækniháskóla. Í ágúst 1999 sendu SI umsögn um drögin og kemur þar fram að þau telja löggin „í þeim anda ekki líkleg til að efla tæknimenntun á háskólastigi.“

Sumarið 1999 sendu Samtök iðnaðarins menntamálaráðherra greinargerð um „Tækniháskóla atvinnulífsins“ til . Í henni voru tillögur um hlutverk og skipulag skólans, stofnkostnað og rekstur. Í kjölfarið var stofnað undirbúningsfélag að rekstri háskóla með aðild fleiri félaga og í kjölfarið hófust skipulegar viðræður við menntamálaráðuneytið. Þær gengu hægt og lauk þeim síðla árs 2000 án árangurs.

Mikilvægi raungrainamenntunar eflist

Í mars 2000 var stofnað Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar. Stofnendur voru Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands. Markmið félagsins var að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi. Félagið hefur undanfarin ár unnið margvísleg verkefni; haldið fundi og ráðstefnur til að varpa ljósi á mikilvægi verk- og tæknimenntunar á háskólastigi og styrkt einstök verkefni háskóla og grunnskóla á sviði raungrainamenntunar.

Samtök iðnaðarins höfðu sig ekki mikið í frammi varðandi þróun „Tækniháskóla atvinnulífsins.“ Menntamálaráðuneytið vann áfram fyrri frumvarpsdrög um ríkisrekinn Tækniháskóla Íslands og voru þau samþykkt á Alþingi í apríl 2002. Næstu tvö árin höfðu SI og menntamálaráðuneytis litil samskipti um málið.

Sumarið 2004 tók málið nýjan kipp

Nýr menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, bauð Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og þáverandi Verzlunarráði Íslands í könnunarviðræður um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans í einn öflugan háskóla. Fulltrúar SI, SA og Verzlunarráðs unnu málið þétt næstu

Mynd úr glæsilegu kynningarriti HR um nám við skólann



TÆKNIFRÆÐI

FJÖLBREYTT TÆKIFÆRI AÐ NÁMI LOKNU

Ísland tekur og verkfræðideild HÍ er boðið upp á fjórhætt nám í tæknifræði til endertæknis og MS-gráðu í greinum um byggja starfsmenntun, byggingarfræði, vör- og orku-tæknifræði og rafmagnstæknifræði. Nám er opnað margmiðlað atvinnulífsins í þessum þremur greinum, þar sem mikil eftirspurn er eftir fólki með þessa menntun, boðið hér á landi og erlendis. Einnig er tilvalið málgræði og framhaldsnám.

Í tæknifræði er stúdentspróf eða samantækt próf. Gerður eru keppni um að nemendur hafi þróðuð þekkingu í starfræði, eiginmenntun, námskú og styrki. Ekkert er að nemandi hafi lokið um m. 2. stigi í starfræði og ó háþriggi í eiginmenntun. Nemendur sem ekki hafa náð þessu háttu eru stúdenter sem hafa náð háttu við sig námi á frumgráðu. Þá er stúdenter gefið að alla sér um málgræði. Fagsskiptar starfseyni fyrir námskú.



mánuði með rektorum beggja skóla og fulltrúum ráðuneytisins.

Ávinningurinn

Í október 2004 var undirrituð viljayfirlýsing milli ríkisins, Verzlunarráðs og Samtaka iðnaðarins um stofnun einkahlutafélags sem skyldi taka yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Nýr sameinaður háskóli, sem fékk heitið Háskólinn í Reykjavík, tók formlega til starfa í júní 2005.

Samtök iðnaðarins lýstu yfir því að þau vildu sjá verða til sterkan og fjölbreyttan háskóla sem ofar öðru legði áherslu á öflugna kennslu og rannsóknir í verkfræði og tæknifræði. Einnig vildu Samtökin að nýr háskóli þjónaði vel iðnaðarmönnum og gerði þeim kleift að bæta við sig framhaldsmenntun.

Óhætt er að fullyrða að Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík hefur breytt landslagi raungreinamenntunar á háskólastigi. Samkeppni við verkfræðideild HÍ hefur stælt báða skólana. Í raun hafa spár um að tvær verkfræðideildir myndu grafa hvor undan annarri reynst hrakspár. Nemendum í verk- og tæknifræði hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár, raunar töluvert umfram almenna fjölgun háskólastudenta. Árið 1996 luku alls 1.731 nemandi prófi úr háskóla, þar af 59 af verk- og tæknibrautum. Árið 2005 höfðu brautskráningar úr háskóla nánast tvöfaldast en þá luku alls 3.308 háskólaprófi. Brautskráðir stúdentar af tæknibrautum háskóla höfðu þennan áratug hátt í þrefaldast, voru þá alls 161.

Ástæður fyrir vaxandi sókn í verk- og tæknifræði má skýra með ýmsum hætti. Umbreytingin á íslensku efnahagslífi undanfarinn áratug byggist á vel menntuðu raungreinafólki, m.a. verk- og tæknifræðingum. Staðföst stefna og starfsemi Samtakanna í sókn fyrir meiri og betri raungreinamenntun á háskólastigi hefur án efa haft sitt að segja.

Góð samstaða náðist í þessu málefni

við fagfélög, m.a. Verkfræðingafélagið og Tæknifræðingafélagið. Eins skal haft í huga að áhugi núverandi menntamálaráðherra hefur ráðið miklu. Það var einmitt eitt af fyrstu verkum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sem menntamálaráðherra að höggva á þann hnút sem bundinn var um rekstur Tækniháskólans. Með því að

veita fulltrúum atvinnulífsins og skóla-meisturum umboð til að gera tillögur um sameiningu skólanna hleypti hún byr undir báða vængi tæknináms.

Ekki sist skal nefna að yfirstjórn Háskólans í Reykjavík hefur staðið vel að því að efla nám í verk- og tæknifræði. Nýjar námsbrautir í verkfræði hafa vera stofnaðar og gefist vel. Einnig hefur stjórn skólans lagt sig fram um að opna betur leiðir fyrir iðnaðarmenn til framhaldsnáms á háskólastigi. Kennslan er þjónustumiðuð og námið kröfuhart. Þetta skilar nemendum tækifærum á vinnu-markaði.

Ástæðan fyrir því að Samtök iðnaðarins tóku þátt í því að sameina tvo háskóla var sú að skapa betri, miklu betri, skilyrði fyrir tæknimenntun á háskólastigi. Samtökin telja að vel hafi tekist til en áfram verður það hlutverk þeirra að stuðla að enn frekari eflingu tæknimenntunar hér á landi.

Veittur námsefnisstyrkur SI



F.v.: Ingi Rúnar Eðvarðsson (Háskólanum á Akureyri), Eggert Claessen (SUT - Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja), Þorkell Gunnarsson (Félag skruðgarðyrkjumeistara), Jóhannes Einarsson (IÐNÚ bókaútgáfa) og Þorsteinn Víglundsson (varaformaður Samtaka iðnaðarins)

Á dögnum var námsefnisstyrkur Samtaka iðnaðarins veittur fjórum aðilum fyrir alls sex verkefni sem einkennast af mikilli fjölbreytni.

Skrúðgarðyrkjumeistarar hlutu 600.000 kr. styrk til að koma á framfæri nýjungum og niðurstöðum trjárannsóknna sl. 25 ár.

Samtök upplýsingafyrirtækja hlutu 1.200.000 kr. til að setja saman kennslufni til að meta ófnisleg verðmæti fyrir tækja: mannaúð, skipulagsauð og viðskiptaauð.

Háskólinn á Akureyri hlaut 550.000 kr. styrk til að vinna að og gefa út kennslubók um þjálfun nýrra starfsmanna. Bókin verður vistuð á netinu og

aðgangur að henni öllum frjáls.

IÐNÚ hlaut 1.000.000 kr. styrk til að gefa út síðustu tvær bækur í sjö rita ritröð sem SI hafa styrkt frá upphafi. Einnig fékk IÐNÚ 500.000 kr. styrk til að vinna kennslubók í gæðastjórnun og 500.000 kr. styrk til að gera bók um öryggismál vinnustaða.

Þorsteinn Víglundsson, varaformaður SI, afhenti styrkina. Í máli hans kom fram að Samtök iðnaðarins vilja með þessum hætti stuðla að því að iðnaðurinn eigi ætíð greiðan aðgang að hæfu og vel menntuðu fagfólki.

Ingi Bogi Bogason

Innovit ehf. til liðs við frumkvöðla í háskólum



Frá vinstri: Finnbogi Jónasson framkv.stj. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Sveinn Hannesson framkv. stj. Samtaka iðnaðarins, Andri Heiðar Kristinsson framkv.stj. Innovits, Magnús Már Einarsson verkefnastj. Innovits, Stefania Sigurðardóttir verkefnastj. Innovits og Jón Steindór Valdimarsson aðst.framkv.stj. Samtaka iðnaðarins sem jafnframt er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs.

Innovit var formlega stofnað sem einkahlutafélag í almannaþágu og eru stofnendur og eigendur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og hugmyndasmiðir Innovit þau: Andri Heiðar Kristinsson, Magnús Már Einarsson og Stefania Sigurðardóttir.

Auk Samtaka iðnaðarins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins munu Landsbanki Íslands, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og viðskiptadeild Háskólans á Bifröst styðja við bakið á Innovit næstu

þrjú árin og taka þannig þátt í að byggja upp fyrsta flokkstuðningsumhverfi fyrir íslenska frumkvöðla.

„Ég bind miklar vonir við starf Innovits á næstu árum. Okkur fannst vel við hæfi að taka þátt í stofnun félagsins einmitt nú en svo skemmtilega vill til að þann 10. september voru liðin tíu ár frá stofnfundi Nýsköpunarsjóðs. Á Íslandi í dag eru stofnuð allt of fá sprotafyrirtæki sem eiga uppruna sinn í rannsóknastarfi

innan háskólanna. Viða erlendis sprettur stór hluti nýrra þekkingar- og hátækni-fyrirtækja upp úr starfi háskólanna og er að mínu mati mikilvægt að líta til reynslu annarra landa í þessum efnum. Innovit hefur undanfarið átt í góðu samstarfi við frumkvöðlasetur Massachusetts Institute of Technology, en sá skóli er einn sá fremsti í heiminum þegar kemur að stofnun vel heppnaðra fyrirtækja út frá rannsóknarstarfi nemenda.“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Innovit, sem og íslenska frumkvöðla, að fá í lið með okkur reynslumikla aðila úr atvinnulífinu eins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Landsbankann. Þessir aðilar gera okkur kleift að einbeita okkur að því að styðja við frumkvöðla og byggja upp öflugt stuðningsumhverfi fyrir sprotafyrirtæki. Innovit er ætlað að vera vettvangur frumkvæðis, hugvits og þekkingar og verður lögð höfuðáhersla á að skapa opinn og hvetjandi vettvangur fyrir unga, hugmynda-rika og vel menntaða frumkvöðla“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Innovit.

„Tilkoma þessa félags er mjög í þeim anda sem við hjá Samtökum iðnaðarins viljum styðja þ.e. efla nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Þetta á ekki hvað síst við um frumkvöðla sem koma úr háskólum landsins.“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Jón Steindór Valdimarsson

Fyrirtæki eiga aðild að Staðlaráði Íslands

Aðild að Staðlaráði Íslands getur verið áhugaverður kostur fyrir fyrirtæki - ekki síst fyrir þau sem starfa í greinum þar sem CE-merkingar skipta máli.

Sjálfstæð samtök hagsmunaaðila standa að Staðlaráði Íslands sem starfar samkvæmt lögum nr. 36/2003 og hefur það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla í samvinnu við hagsmunaaðila, svo sem hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, samtök og fyrirtæki. Staðlaráði Íslands á aðild að alþjóðsamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Staðlaráðið rekur fagstaðlaráð á þrem fagsviðum: Byggingarstaðlaráð, Rafstaðlaráð og Fagstaðlaráð í upplýsingatækni. Aðilar að Staðlaráði eru nú um 70 talsins og í þeim hópi eru

fyrirtæki, stofnanir, samtök og ráðuneyti.

Staðlar afar mikilvægir í evrópsku lagaumhverfi

Tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins (og EES) vísa mikið til staðla og slíkt færist sífellt í vöxt. Allir evrópskir staðlar eru staðfestir sem íslenskir staðlar og því er afar mikilvægt fyrir íslenska hagsmunaaðila að fylgjast vel með evrópsku staðlastarfi. Þær reglur, sem settar eru fram í stöðlum, öðlast gildi hér á landi og því verður að gæta þess að tryggja hugsanlegum íslenskum séraðstæðum sess í stöðlum.

Kostir aðildar að Staðlaráði

Aðild tryggir ávallt aðgang að nýjustu



upplýsingum um evrópska staðlavinnu, tækifæri til að taka þátt í henni og hafa áhrif á innihald staðlanna og möguleika á tengslum við aðra þátttakendur í staðlavinnunni – sérfræðinga frá öllum löndum Evrópusambandsins og EFTA. Aðilar að Staðlaráði eiga jafnframt kost á að taka þátt í innlendu og

Sýningin Verk og vit haldin í annað sinn 2008



Sýningin Verk og vit verður haldin dagana 17.-20. apríl 2008 í íþróttahöllinni í Laugardal. Þetta verður í annað sinn sem Verk og vit er haldin en sýningin var áður í mars 2006 á vegum AP sýninga.

Sýningin Verk og vit 2008 er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum, mannvirkjagerð og orkumálum. Þróun hefur verið hröð í þessum greinum á sama tíma og mikil framkvæmdagleði ríkir á Íslandi þar sem landsmenn verða vitni að fjölda stórfraðkvæmda í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og orkumálum.

Í viðhorfskönnun, sem Outcome-hugbúnaður ehf. gerði fyrir AP sýningar á meðal sýnenda Verks og vits 2006, kom m.a. fram að 94% þeirra sem tóku þátt í könnuninni töldu grundvöll fyrir því að halda sýninguna Verk og vit aftur og tæp 90% voru mjög ánægð eða frekar ánægð með sýninguna. Þá töldu um 80% sýnenda að markmiðum þeirra hefði verið náð með þátttöku fyrirtækis þeirra í sýningunni.

Góðar viðtökur

Undirbúningur Verks og vits 2008 er í fullum gangi og hafa viðtökur verið framfar vonum því þegar er búið að bóka



yfir 40% sýningarsvæðisins. Félagsmenn SI fá 20% afslátt á sýningarrými ef þeir skrá sig fyrir 1. október en aðrir fá 10% afslátt skráir þeir sig fyrir sama tíma.

„Við erum ánægð með viðtökurnar og hlökkum til að vinna með sýnendum við að gera góða sýningu enn betri. Við

heyrðum það á sýnendum á Verki og viti 2006 að þeir voru ánægðir með hvernig til tókst og áhuginn á þátttöku nú sýnir að það er hugur í mönnum að kynna allt það nýjasta á þessum vettvangi,“ segir Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Verks og vits 2008.

AP sýningar standa að Verki og viti 2008 í samstarfi við iðnaðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Landsbankann og Ístak. AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla, stóðu m.a. að sýningunum Verk og vit 2006 og Tækni og vit 2007. Nánari upplýsingar um Verk og vit 2008 má finna á vefsíðunni www.verkogvit.is.

alþjóðlegu staðlastarfi og hafa áhrif á stefnumótun og forgangsröðun í starfinu.

Fyrirtæki, stofnun eða félag sem gerist aðili að Staðlaráði Íslands:

- leggur sitt af mörkum til að efla staðlastarf á Íslandi, til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskan almenning,
- nýtur afsláttarkjara við kaup á íslenskum stöðlum,
- á þess kost að taka þátt í gerð íslenskra staðla,
- getur fylgst með og/eða tekið þátt í evrópskri og alþjóðlegri staðlagerð,
- hefur ávallt aðgang að nýjustu upplýsingum um gildandi og væntanlega staðla, íslenska sem alþjóðlega,
- getur haft áhrif á staðlastarf á þeim fagsviðum sem skipta það mestu máli,

- getur tekið þátt í að móta stefnu í staðlamálum með því að koma hagsmunamálum sínum á framfæri innan Staðlaráðs eða fagstaðlaráða þess,
- hefur atkvæðisrétt á aðalfundi Staðlaráðs og þar með áhrif á stærstu ákvarðanir þess,
- greiðir árlegt aðildargjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Staðlaráðs,
- velur hvort það vill láta aðildargjald, sem það greiðir, renna til almennrar starfsemi Staðlaráðs eða til eins eða fleiri fagstaðlaráða,
- samþykkir að starfa samkvæmt starfsreglum Staðlaráðs og viðkomandi fagstaðlaráðs eða –ráða, eins og við á.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
9. tbl. 13. árg. September 2007
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 19.09.2007
Prentvinnsla: Prentækni ehf.
Plastpökkun: Ljúbjerg
Ljósmyndir: Kristján Maack, Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Mun meiri hagvöxtur en talið var í fyrstu

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,2% árið 2006 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Í áætlun frá því í mars sl. var talið að hagvöxtur á árinu 2006 hafi orðið 2,6%. Undanfarin ár hefur landsframleiðsla iðulega verið vanmetin í fyrstu tölum. Þetta hefur þær afleiðingar að öll hagstjórn verður ómarkvissari. Það er áhyggjuefni að landsframleiðsla skuli vera verulega vanáætluð ár eftir ár.

Aukinn hagvöxt frá fyrri áætlunum má fyrst og fremst rekja til meiri fjárfestingar og samneyslu á árinu 2006 en áætlanir í mars bentu til en á móti vegur aukinn innflutningur. Hagvöxtur á árinu 2005 er nú talinn hafa verið 7,1% eða nánast sá sami og áður var gert ráð fyrir.

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má, líkt og undanfarin ár, öðru fremur rekja til aukinnar fjárfestingar, sem jókst um 19,8% og einkaneyslu, sem jókst um 4,4%. Á móti vegur vaxandi innflutningur og minnkandi útflutningur.

Bjarni Már Gylfason

Leið til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda



Audi A8 er að verulegu leyti úr áli

Samkvæmt nýrri rannsókn, sem alþjóðleg samtök álframleiðenda kynntu nýlega, stuðlar notkun áls í framleiðslu fólksbifreiða bæði að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minni orkunotkun. Í rannsókninni er sýnt fram á að sé litið til heildarlíftíma fólksbifreiða, sem framleiddar voru árið 2006, er líklegt að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum minnki um jafngildi 140 milljóna tonna af koltvísýringi og orkunotkun minnki um jafngildi 60 milljarða lítra af hráolíu vegna notkunar áls.

Marlen Bertram, sem starfar hjá Alþjóðlegu álstofnuninni (e. International Aluminium Institute, IAI), kynnti niðurstöður rannsóknarinnar á ráðstefnu um ál og flutninga í Dalian í Kína í júlí síðastliðnum. Í erindi sínu fór hún meðal annars yfir niðurstöður rannsókna umhverfis- og orkurannsóknastofnunarinnar í Heidelberg í Þýskalandi. Rannsóknin leiddi í ljós að með því að auka notkun áls í fólksbif-

reiðum, vöruflutningabifreiðum, járnbrautavögnum, flugvélum og skipum mætti minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 660 milljónir tonna á ári, eða sem nemur um 9% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngutækjum í heiminum. Hún kynnti einnig nokkur raunveruleg dæmi um hvernig notkun áls hefur dregið úr þyngd farartækja á síðustu árum.

„Niðurstöður okkar eru byggðar á rannsóknum Umhverfis- og orkurannsóknastofnunarinnar í Heidelberg í Þýskalandi og líkani sem við höfum hannað í rannsóknum okkar. Líkanið tekur inn í reikninginn alla losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu álsins, við notkun farartækjanna og förgun þeirra. Útreikningar okkar eru ennfremur byggðir á opinberum upplýsingum um hvernig notkun áls og léttra álblandna hefur áhrif á þyngd bifreiða og annarra farartækja,” sagði Marlen Bertram, sem stjórnaði rannsókninni.

Hægt er að nálgast ítarlega skýrslu um niðurstöður rannsókna hjá Alþjóðlegu álstofnuninni: www.world-aluminium.org.